

## REGLUR

### um starfsleyfi, skipulagskröfur og kröfur til birtingar viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu á fjármálamarkaði.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga hvað varðar umsóknir um starfsleyfi, skipulagskröfur og kröfur til birtingar viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu, skv. 106., 109., 110. og 111. gr. laganna.

#### 2. gr.

##### *Tilvísanir.*

*Starfsáætlun skv. 2. mgr. 61. gr. MiFID II:* Tilvísanir í reglum þessum til starfsáætlunar sem um getur í 2. mgr. 61. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til starfsáætlunar samkvæmt 106. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Upplýsingar sem gera skal opinberar skv. 1. mgr. 64. gr. og 1. og 2. mgr. 65. gr. MiFID II:* Tilvísanir í reglum þessum til upplýsinga sem gera skal opinberar í samræmi við 1. mgr. 64. gr. og 1. og 2. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til upplýsinga samkvæmt 109. og 110. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 11. nóvember 2021, bls. 16-31 og 280-282, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 frá 2. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/63 frá 26. september 2017 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 4. mgr. 106. gr., 7. mgr. 109. gr., 11. mgr. 110. gr. og 6. mgr. 111. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, taka gildi þegar í stað.

*Seðlabanka Íslands, 10. desember 2021.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Jónúsdóttir**  
framkvæmdastjóri.